

33.tbl.

29.sept. 2021

28.árg.

# ***Hlaupastelpan***

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

## **Aðalfundur Velferðasjóðs Þingeyinga**

verður haldinn í Bjarnahúsi á Húsavík

4.október 2021 klukkan 17:00.

Fundarefni: Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin

## **Aðalfundur kirkjukórs Grenjaðarstaðarkirkju**

verður haldinn í safnaðarheimilinu á

Grenjaðarstað mánudaginn 11. október kl. 20.00

Venjuleg aðalfundarstörf. Þar á meðal kosning stjórnar.

Þar sem kórinn er orðinn leiðinlega fámennur, þarf hann lífsnauðsynlega á nýju blóði að halda. Allir sem vettlingi valda og lagi halda eru eindregið hvattir til að mæta. Óþarft er að taka fram að félagsskapurinn er einstaklega skemmtilegur, svo enginn þarf að sjá eftir að taka þátt í starfinu.

Stjórnin.

## **Covid-19 bólusetningar á starfssvæði HSN í október!**

Næsta bólusetning gegn Covid-19 verður í byrjun október á eftirtöldum stöðum:

- Húsavík miðvikudaginn 6.10 kl. 16-18
- Kópaskeri þriðjudaginn 5.10 kl. 11
- Raufarhöfn miðvikudaginn 6.10 kl. 11
- Þórshöfn fimmtudaginn 7.10 kl. 14

Bólusettt verður með Pfizer.

**Tímamantanir og nánari upplýsingar** í síma

4640500, 4640600, 4640620 og 4640640 á opnunartíma  
heilsugæslu.

### **ATH! Eftirtaldir aðilar geta pantað tíma:**

- Þeir sem fengu fyrsta skammt af Pfizer 15.9 eða fyrr.
- Þeir sem fengu Jansen bólusetningu 8.9 eða fyrr. (Þeir sem fengið hafa Covid-19 sýkingu og Jansen örvunarskammt þurfa ekki að mæta í annan örvunarskammt)
- Barnshafandi konur og aðrir sem eru óbólusettir.
- Allir, 60-69 ára sem fengið hafa tvo skammta af bóluefni fyrir a.m.k. 26 vikum eða fyrir 7.4.
- Allir 70 ára og eldri sem fengið hafa tvo skammta af bóluefni fyrir a.m.k. 13 vikum eða fyrir 7.7.
- Óbólusett börn 12-15 ára, (börn fædd fyrir 5.10 2009 og árgangar 2008, 2007 og 2006)